

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/630
komudagur 17.12.2004



HÁSKÓLI ÍSLANDS

HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

Reykjavík, 10. desember 2004

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

**Umsögn hjúkrunarfræðideildar varðandi tillögu til þingsályktunar
um nýtingu stofnfrumna úr fósturvísum til rannsókna og lækninga
(þskj. 53 –53. mál)**

Hjúkrunarfræðideild hefur fjallað um þingsályktunartillöguna á deildarráðsfundi. Hjúkrunarfræðideild er sammála því að skipuð skuldi nefnd til þess að taka afstöðu um nýtingu stofnfruma úr fósturvísum til rannsókna og lækninga. Hins vegar vill hjúkrunarfræðideild gera athugasemd við það hvernig nefndin er skipuð. Skv. tillögunni á nefndin að skipa fulltrúi landlæknisembættisins, Læknafélags Íslands, Siðfræðistofnunar, Prestafélags Íslands, vísindasiðanefndar, læknadeildar Háskóla Íslands, Landspítala-háskólasjúkrahúss, Krabbameinsfélagsins og heilbrigðisráðuneytisins. Hjúkrunarfræðideild telur að í nefndina vanti fulltrúa úr stétt hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra og leggur til að við bætist einn fulltrúi hjúkrunarfræðinga og einn fulltrúi ljósmæðra frá hjúkrunarfræðideild.

Virðingarfyllst,

Erla Kolbrún Svavarsdóttir,
Deildarforseti hjúkrunarfræðideildar